

Jafnræði Jákvæðni Þekking Framsækni Traust



GRINDAVÍKURBÆR 1974 2014



# Rafræn stjórnsýsla og aðkoma almennings

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri





# Hvað er rafræn stjórnsýsla?

- *„Rafræn stjórnsýsla felur í sér hagnýtingu upplýsingatækni í starfsemi hins opinbera. Rafræn stjórnsýsla hefur það yfirmarkmið að veita einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum góða, skilvirka og hagkvæma þjónustu með aðstoð upplýsingatækni. Undir rafræna stjórnsýslu fellur meðal annars eftirfarandi:*
  - *Rafræn meðferð og afgreiðsla mála í stjórnsýslunni*
  - *Aðgengi að opinberum upplýsingum og þjónustu*
  - *Aðkoma almennings að stefnumörkun og ákvarðanatöku opinberra aðila*
- *Rafræn stjórnsýsla telst mikilvægt tæki til þess meðal annars að ná markmiðum um bætt aðgengi að stjórnsýslunni og þjónustu hennar, lækkaðan kostnað við að sækja og veita þjónustuna og aukin gæði þjónustunnar.“*(UT vefurinn)
- Í stuttu máli, að nýta upplýsingatækni til að leysa verkefni stjórnsýslunnar.
  - Rafvæðing stjórnsýslunnar
  - Rafræn sjálfsþjónusta borgaranna
  - Rafræn upplýsingagjöf

# Grindavík

- Grindavík er um 3.000 manna sjávarútvegs- og íþróttabær með mjög vaxandi ferðaþjónustu í tengslum við Bláa Lónið og náttúruna
- Rekum alla helstu þjónustuþætti sveitarfélags
  - Heildstæður grunnskóli fyrir 1.-10. bekk
  - Tveir leikskólar
  - Tónlistarskóli
  - Eigin skóla- og félagsþjónusta
  - Skipulags- og byggingamál
  - Almenningsbókasafn
- Um 200 starfsmenn í um 170 stöðugildum
- Fjölbreytt starfsemi og starfsmannahópur
- Nokkuð dæmigert meðalstórt sveitarfélag á Íslandi



# Lýðræði

- Í skipulagsnefndum sitja fulltrúar sem sækja umboð sitt til lýðræðislega kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn
- Leikmenn sem þurfa ráðgjöf og upplýsingar til að taka ákvörðun
  - Embættismenn
  - Ráðgjafar
  - Almenningur

# Tilgangur með þátttöku almennings

- *„Við gerð deiliskipulags skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Það skal gert með virku samráði gegnum allt skipulagsferlið“*
- Markmiðið er að fá fram upplýsingar svo ákvörðunin verði sem best
  - Uppfylla rannsóknarreglu stjórnsýslulaga
- Markmiðið er ekki að almenningur geti staðið í vegi fyrir ákvarðanatökunni, ef hún er framkvæmd á lögmætan hátt
- Engin ástæða til að óttast þátttöku almennings
- Ákvörðunin er pólitísk og ábyrgðin er hinna kjörnu fulltrúa

# Hvar kynnum við?

- Lögbirtingarblaðinu
  - sem enginn les
- Í raðauglýsingum dagblaða
  - sem mjög fáir lesa
- Á vefsíðum sveitarfélaga
  - sem mjög fáir lesa
- Á kynningarfundum og íbúafundum
  - sem enn færri sækja



# Hvar kynnum við?

- Kostnaður við hefðbundna kynningu á skipulagstillögu er mikill
  - 100-200 þúsund
- Skipulög fá oft ansi litla athygli fyrr en framkvæmdir eru farnir af stað og allir eru tilbúnir að vera vitrir eftir á.



## Skipulagslýsingar

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Á fundi bæjarstjórnar 20.08.2014 voru samþykktar skipulagslýsingar, sem tilgreindar eru hér fyrir neðan. Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs auglýsir hér með opið hús þar sem íbúar geta kynnt sér skipulagslýsingarnar skv. ákv. gr. 4.2 og 5.2 í skipulagsreglugerð.

- **Hvammur 2:** Skipulagslýsing dagsett 11. ágúst 2014 fyrir breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og gerð deiliskipulags fyrir frístundabyggð í landi Hvamms 2.
- **Eyvindará II:** Skipulagslýsing dagsett 11. ágúst 2014 fyrir breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 í samræmi við gr. 4.2 og 5.2 í skipulagsreglugerð. Breytingin felur það í sér að gisting verður ekki bundin við smáhýsi í skilmálunum.
- **Kaldá 1:** Skipulagslýsing skipulagsáforma um deiliskipulag fyrir frístundabyggð á Kaldá 1.
- **Stóra Sandfell 3, 4 og 5:** Skipulagslýsing skipulagsáforma um deiliskipulag fyrir tjaldsvæði og byggingar því tengdu á Stóra Sandfelli 3, 4 og 5.

Lýsingarnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs, að Lyngási 12, Egilsstöðum mánudaginn 1. september 2014 frá kl. 8:00 til kl. 16:00. Lýsingin verður einnig á heimasíðu sveitarfélagsins egilsstadir.is. Íbúum er með þessu gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum við lýsingarnar.

Ábendingar, ef einhverjar eru, óskast sendar skipulags- og byggingarfulltrúa, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir, eigi síðar en mánudaginn 22. september 2014, merkt "Skipulagslýsingar."

Tillaga að breytingu á Aðalskiplagi Fljótsdalshéraðs 2008–2028, og tillögum að deiliskipulögunum verður svo til sýnis á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs, að Lyngási 12, Egilsstöðum mánudaginn 29. september 2014 frá kl. 8:00 til kl. 16:00 og á heimasíðu sveitarfélagsins egilsstadir.is.

Ábendingar vegna skipulagstillagnanna, ef einhverjar eru óskast sendar Skipulags- og byggingarfulltrúa, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir, eigi síðar en fimmtudaginn 16. október 2014, merkt „Skipulagstillögur".

Lyngási 12 | Pósthólf 183 | 700 Egilsstaðir | Sími 4700 700 | Fax 4700 701 | egilsstadir@egilsstadir.is

# Hvar er fólkið?

- Eigum við að hitta þau þar sem þau eru, eða biðja þau að hitta okkur þar sem okkur hentar?
- Hvar er umræðan og hvar koma athugasemdir fram?
- Upphrópanirnar verða á samfélagsmiðlum ef það á að fella tré eða setja niður hraðahindrun

# Tilraunaverkefni í Grindavík

- Að nýta Facebook til að kynna skipulagstillögur í vinnslu
- Íbúar í Grindavík tæplega 3.000
  - 2.549 ,,læka" FB síðu bæjarins
  - ,,læk" á vinsælar fréttir hlaupa á tugum og stundum hundruðum og þeim er deilt áfram
  - Umræðan er undantekningarlítið jákvæð. Aldrei þurft að eyða færslum
  - Fólk er harðorðara á eigin ,,veggjum"

# Tilraunaverkefni í Grindavík

- Prófuðum tvö verkefni
  - Sjómannagarðurinn
  - Deiliskipulag gamla bæjarins. Húsakönnun
- Gögnin eru á grindavik.is en við tengjum þá síðu við FB síðuna og köllum eftir umræðu



# Sjómannagarðurinn

- Sjómannagarðstillagan fékk ekki mikla athygli
  - Um 1.000 snertingar, vinsælustu fréttir fá um og yfir 3.000 snertingar
  - Tvö komment og engar formlegar athugasemdir
- Margar og þungar teikningar sem erfitt var að deila áfram
- Fáir höfðu fyrir því að sækja þær
- Fengum takmarkaðar upplýsingar með þessari leið

# Deiliskipulag gamla bæjarins. Húsakönnun

- Hluti af deiliskipulagi gamla bæjarins er húsakönnun um eldri hús
  - Sá póstur náði um það bil tvöfalt meiri útbreiðslu en Sjómannagarðurinn,
  - honum hefur verið deilt áfram og fólk hefur verið að setja inn komment.
  - Einnig hafa borist fjölmargar ábendingar í tölvupósti.
  - Auðveldara að koma gögnunum á framfæri
- Virðist vera meiri áhugi á þessu verkefni
- Höfum fengið mikið af gagnlegum upplýsingum

# Áhugi lykilbreytan

- Þegar öllu er á botninn hvolft náum við ekki árangri við að fá fram athugasemdir og ábendingar íbúanna nema þeir hafi áhuga
- Þurfum að gera skipulagsmál meira aðlaðandi
- Nöfn og lýsingar á skipulagstillögum þurfa að vekja áhuga og vera lýsandi
  - Reitur 1.172.2. Laugavegur, Frakkastígur, Grettisgata, Klapparstígur
  - Deiliskipulag á reit i9. Mölvík
- Samfélagsmiðlar munu ekki leysa allt, en ættu að vera gagnleg viðbót

# Velkomin í Grindavík!

